

Úr Guðmundar sögu Góða eftir Arngrím Brandsson:

17. Guðmundur bjargar konu Kolbeins

Virðulegur herra Þorlákur, nýorðinn biskup í Skálholti flutti þau bréf herra Eysteins erkibiskups fyrst til Íslands, er birtu herra páfans boð, að upp frá því skyldu allar kirkjueignir ævinlega standa undir valdi og skipan lærðra manna. Efldist sá boðskapur lítið á þeim tíma sunnanlands, en með öllu eigi fyrir norðan, eigi fyrir þá grein lítið, að sæll Þorlákur vanrækti hann, heldur fyrir það, að Jón Loftsson, er þá var gildastur leikmaður á Íslandi, reis með almúganum svo örðugur, að við voðann lá sjálfan, áður erindið nam stað með öllu fortekið.

Fyrir þessa grein sátu kennimenn með bændum í héruðum og höfðu það borð af kirkjunnar rentu, sem góðfýsi fyrri manna hafði offrað altarinu. Því sat vors herra þjónustumaður, Guðmundur góði, að líðanda sínum prestdómi með þeim húsbónda, er hét Kolbeinn Tumason. Hann bjó í því héraði norðanlands er heitir Skagafjörður. Það liggur til vesturáttar annan veg biskupsstólsins að Hólum. Kolbeinn, er vér nefndum, var mestur háttar maður í því héraði, formenntur í skáldskap, svo að hans óður leggst aldrei niður. Hann orti fagurlegt lof guðs móður Maríu til dýrðar, og í mörgu lagi var hann vel fallinn, þótt hamingjan væri honum hverflynd. Hans húsfrú, Gyðríður að nafni, var náin frændkona síra Guðmundar. Hún var kvenna vænust og brást aldrei sínum frænda, hversu hart sem dró.

Svo ber til í nokkurn tíma, sem Kolbeinn og hans húsfrú hafa með sinni fylgd riðið þann stóra Kjöl, er millum byggða liggur um mitt landið, að hann tekur náttgisting á þeim stað, er landsmenn kalla Vinverjadal. Hann lætur tjalda ríkmannlega, sem honum til heyrir, dvelst þar um nóttina, en morguninn árla hefur hann sig á fótum, var maður á léttasta aldri, glaðvær og leikinn, og því kallar hann út pilta sína að efla einhverja gleði, áður tími sé til borðs. Nú sem þeir standa, heyra þeir til tjaldsins sárlega rödd. Rennur Kolbeinn fyrstur manna, og inn komandi sér hann rúm autt með öllu, er Gyðríður hafði haft.

Hér af verður hann sleginn þeirri sorg, sem enginn fæst í að greina. Og sem hann hefur lengi andvarpað með hugleiðing, hvað helst muni hjálpa í svo stírðan punkt, kallar hann þá síðan til sín láglega tvo menn og býður þeim að sækja fjallið sem ákaflegast norður í byggð á fund síra Guðmundar og segja honum, að Kolbeinn sé sjúkur á fjalli og vilji fá prestsfund. Þeir fara og fram koma berandi svo fallin orð sem þeim var boðið.

Síra Guðmundur kennir þegar með sér nokkuð óttaboð og svarar svo sendimönnum: „Það trúí ég satt vera, að Kolbeinn sé krankur, en hvort sjúkara er, hugur hans eða hörund, látið þið kyrrt vera, en það kann vera, að Kolbeini þyki ég skyldugur vera að fara.“

Hann dvelur og ekki, ríður sama dag heiman upp til fjalls og þegar upp á fjall um nóttina, því að hásumar var, í júlímánuði, með svo miklum sólargangi sem greindur var í upphafi sögunnar. Síra Guðmundur kemur suður í Vinverjadal þegar í óttu. Veitir Kolbeinn honum þá virðing, stendur upp í móti honum og tjáir honum, hver hörmung hann hefur heim sótt, biður þar með hverja lund, er hann kunní, að síra Guðmundur árnei þess við Guð, að líkama konunnar skipist og mætti þiggjast í kristilegan gröft, þótt líf hennar væri forlagt.

Guðs maður svarar engu, utan biður hann sem alla þá ganga brott af tjaldinu. Og eftir liðnar þrjár stundir kallar hann Kolbein, og til kominn sér hann á klæðunum liggja líkama ljótlega

spilltan, alla lund snaraðan og drepsóttan, sem grætilegt var þeim að sjá, er unni, hvert ferlíkan orðið var af ljúfum kristnum manni. Kolbeinn fellur þá í meiri sorg en fyrri, fellandi nýjar bænir að síra Guðmundi til léttis og endurbata konunni.

Hann svarar: „Þý knýr mig, Kolbeinn, undir óbærilegum þunga, því að til svo stórra hluta ber ég engan verðleik.“

Kolbeinn gefur sig þá fram með tárur fyrir fætur hans, þar til það blessað brjóst bognar fyrir og biður hann brott ganga. Eftir liðnar tvær stundir eða heldur meir, kallast hann aftur í tjaldið. Sér hann þá guðlegan kraft svo mikinn skína fyrir bæn síra Guðmundar, að líkaminn var aftur leiddur í mannlega mynd og endurbættur í öllum greinum því fráteknu, að svo var hún mædd og máttfarin, sem líf aðeins bragðaði fyrir brjóstinu.

Guðs maður segir þá: „Það mun Guðs dómur krefja af þér, Kolbeinn, fyrir svo háa velgerð, sem hann veitti þér í dag, að þú fyllir eigi flokk hans óvina og eigi finnist þú með þeim, er hans rétt og heilagrar kirkju vilja fyrirsmá.“

Kolbeinn svarar: „Um alla mína lífsdaga skal ég þig elska, og það, er þú segir mér gott vera skal ég gera.“

Síra Guðmundur segir þá: „Vonlegt þykir mér, að nú í dag sé þetta þitt hugarfar, en brestur mér mágur, ef ég sé þig eigi um sinn í öndverðu brjósti þeirra, er mér vilja með öllu fyrir koma. En leggjum þetta tal. Far heldur og nær húsfrú þína seint og stillilega. Far og eigi héðan fyrr en hún má hættulaust á baki sitja, því að hún mun þér ávallt til nytsemdar skipuð, ef þú kannt geyma.“